

REGLUGERÐ

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.

Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.

3. gr.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er. Einkum ber að efla samstarf við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Nemendur sem langt eru komnir í námi á hljómsveitarhljóðfæri skulu eiga þess kost að leika með Sinfóníuhljómsveitinni á allt að tvennum tónleikum árlega eftir nánara samkomulagi. Ekki skulu nemendur þó teknir fram yfir atvinnumenn utan hljómsveitar til slíkra starfa.

Aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar skal hafa á hendi kennslu í hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík eftir því sem við verður komið og um semst.

Sinfóníuhljómsveitin skal að öðru leyti styðja tónlistarstarfsemi æskufólks, einkum að því er tekur til hljómsveitarstarfs, eftir því sem aðstæður leyfa.

4. gr.

Rekstraraðilar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru: Ríkissjóður (56%), Ríkisútvarpið (25%), borgarsjóður Reykjavíkur (18%) og bæjarsjóður Seltjarnarness (1%). Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

5. gr.

Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins skv. 4. gr., og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótagast á undanförunum árum.

Efna má til samvinnu á viðskiptagrunðvelli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir. Skal um slíka samvinnu gera skriflega samninga hverju sinni.

Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og annarri starfsemi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fái greitt af slíkum tekjum hennar.

Tekjur af auglýsingum í efnisskrám tónleika má leggja í sérstakan sjóð sem stjórn hljómsveitarinnar getur ráðstafað til kaupa á hljóðfærum og annarra sérstakra þarfa.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Hún hefur ákvörðunarvald um öll málefni hljómsveitarinnar og ákveður verkefnaval hennar með aðstoð verkefnavalsnefndar (sbr. 18. gr.).

Stjórnin setur hljóðfæraleikurum starfsreglur og gefur út aðrar reglur, svo og starfslýsingar einstakra starfsmanna, eftir því sem þurfa þykir. Leitast skal við að móta slíkar reglur í sem nánustu samráði við viðkomandi starfsmenn.

7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi hljómsveitarinnar. Hún lætur gera starfs- og rekstraráætlanir fyrir hljómsveitina og leggur þær fyrir rekstraraðila. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

8. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin fastræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Heimilt er að ráða í hlutastörf. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin á sama hátt eftir því sem viðfangsefni krefjast og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun. Um ráðningu hljómsveitarmanna og framkvæmd hæfnisprófa skal fara eftir reglum sem stjórn hljómsveitarinnar setur.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

9. gr.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og eigi lengur en eitt ár í senn, eftir ákvörðun stjórnarinnar. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka ráðningu, og skal hún bundin ákveðnu verki sem unnið skal á ráðningartímanum. Til þessa má verja sem svarar tólf mánaðarlaunum á ári hverju.

10. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn og ákveður verksvið hans. Endurráðning er heimil.

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum hljómsveitarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hann framkvæmir ákvarðanir stjórnarinnar og ber ábyrgð gagnvart henni á skrifstofuhaldi hljómsveitarinnar og þeim málum öðrum sem undir hann heyra eða honum eru falin. Hann ræður starfsfólk á skrifstofu eftir ákvörðun stjórnarinnar og að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, svo og aðstoðarfólk við æfingar, tónleika og nótnavörslu.

11. gr.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að skrá sé haldin yfir hljóðfæri og aðrar eigur hljómsveitarinnar, svo og hljóðfæri í eigu Ríkisútvarpsins sem eru í notkun hjá starfsmönnum hljómsveitarinnar. Ennfremur ber honum að sjá um að eignir þessar séu ætíð tryggðar á viðhlítandi hátt.

12. gr.

Framkvæmdastjóri gerir tillögur um tímasetningu tónleika og tilhögun annarra starfa hljómsveitarinnar í höfuðdráttum. Hann er ábyrgur fyrir framkvæmd og undirbúningi æfinga og tónleika hljómsveitarinnar. Sama á við um hver þau tilvik önnur, þar sem hljómsveitin eða deildir úr henni koma saman til starfa. Hann skipuleggur tónleikaferðir

hljómsveitarinnar og hefur að jafnaði á hendi fararstjórn í þeim. Framkvæmdastjóri sér um kynningu á starfsemi hljómsveitarinnar og annast samskipti við fjölmiðla. Um þetta má þó, með samþykki stjórnarinnar, gera starfssamning við auglýsingastofu eða annað fyrirtæki sem sérhæft er í almannatengslum.

13. gr.

Skrifstofustjóri er ráðinn af framkvæmdastjóra með samþykki stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hann er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn fyrir þeim málum sem undir hann heyra eða honum eru falin.

Hann hefur umsjón með allri fjármálastjórn og skal staðfesta með áritun sinni réttmæti allra reikninga sem greiða ber vegna starfsemi hljómsveitarinnar. Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Skrifstofustjóri vinnur ásamt framkvæmdastjóra að gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert reikningsár og skulu drög að henni lögð fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar eigi síðar en 15. apríl ár hvert ásamt viðeigandi skýringum.

14. gr.

Skrifstofustjóri skipuleggur starf hljómsveitarfólks með hliðsjón af starfssamningum þess og viðfangsefnaskrá. Hann gerir í samráði við hljómsveitarstjóra mánaðarlega vinnuáætlun fyrir einn mánuð í senn. Skal hún afhent öllum starfsmönnum hljómsveitarinnar eigi síðar en fjórum vikum áður en hún tekur gildi.

Í upphafi hvers starfsárs útbýr skrifstofustjóri í samráði við leiðandi mann hverrar hljóðfæradeildar skrá yfir þau verkefni sem starfsmenn á hálfum samningi skulu boðaðir til. Hann heldur vinnuskýrslur, annast útreikning launa vegna starfsmanna hljómsveitarinnar og býr þessi gögum í hendur launagreiðanda.

15. gr.

Skrifstofustjóri heldur skrá um aðsókn að tónleikum hljómsveitarinnar. Skal hann gera stjórninni grein fyrir tekjum og gjöldum af hverjum tónleikum. Hann sér um uppgjör vegna sölu áskriftarskrírteina, aðgöngumiða, efnisskráa og auglýsinga. Heimilt er, með samþykki stjórnarinnar, að semja við aðila utan stofnunarinnar um útvegum auglýsinga í efnisskrár og innheimtu gjalda fyrir þær gegn sérstakri þóknun.

16. gr.

Skrifstofustjóri annast dagleg samskipti við hljóðfæraleikara hljómsveitarinnar og veitir þeim fyrirgreiðslu, upplýsingar og aðstoð eftir því sem efni eru til hverju sinni. Hann sér um að atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn séu jafnan fyrir hendi og er þeim til aðstoðar ef með þarf og eftir því sem aðstæður leyfa.

17. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar sem skipuð er til fjögurra ára um leið og stjórn hljómsveitarinnar.

Nefndin skilar til stjórnarinnar tillögum og áætlunum um verkefni hljómsveitarinnar fyrir hvert starfsár, svo og tillögum um stjórnendur, einleikara og söngvara, eigi síðar en 15. desember ár hvert. Kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir stjórnina eigi síðar en 1. febrúar. Fyrir 1. apríl skulu liggja fyrir drög að verkefnavali þess starfsárs sem hefst á öðru eftirfarandi hausti, nægilega ítarleg til að leggja megi þau til grundvallar fjárlagatillögum fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Allri þessari áætlanagerð skal að fullu lokið fyrir 1. júní ár hvert.

18. gr.

Skrifstofa hljómsveitarinnar aðstoðar verkefnavalsnefnd við öflun upplýsinga um kostnað vegna flutnings þeirra verka sem nefndin hefur til athugunar og gerð kostnaðar-áætlana.

19. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar vegna ferðanna. Í reikningshaldi hljómsveitarinnar skal kostnaði við tónleikaferðir haldið aðskildum frá öðrum rekstrarkostnaði.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 11. grein laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands nr. 36/1982 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. maí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara.**

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjúkranuddara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa námi sem viðurkennt er sem slíkt af heilbrigðisyrfvöldum. Umsækjendur skulu hafa næga kunnáttu í íslensku máli og réttarreglum er lúta að starfinu. Leita skal umsagnar landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum takmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn landlæknis.

4. gr.

Starfsvettvangur sjúkranuddara er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Með sjúkranuddi er átt við nudd í lækningaskyni samkvæmt tilvísun og á ábyrgð læknis.

5. gr.

Öðrum en sjúkranuddurum er óheimilt að starfa sem sjúkranuddarar.

6. gr.

Sjúkranuddara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann hafði vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur skulu gilda um starfsfólk það, sem sjúkranuddari kann að hafa í starfi.